

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 20. desember 2019 - R19010132

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 20. desember 2019 - R191200132


	Annað:	
R18100334	Erindi Helga Grímssonar, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. desember 2018 um breytingar á skipuriti skrifstofu skóla- og frístundasviðs.	Sent mannréttinda- og lýðræðisráði til meðferðar.
R18110052	Svar borgarskjalavarðar, Svanhildar Bogadóttur, dags. 20. nóvember 2018 er varðar skýrslu um Skjalavörslu og skjalastjórnun hjá Reykjavíkurborg .	Til umsagnar borgarritara
R19010076	Erindi Guðrúnar Bertu Daníelsdóttur, stjórnarformanns Hlemms mathallar ehf. dags. 3. janúar 2019 er varðar hugmynd um stækkun Hlemms Mathallar.	Til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs.
R18120171	Tillaga Miðflokksins, dags. 20. desember 2018, um að Borgarráð kallir eftir því að forsætisnefnd boði til aukafundar.	Til meðferðar forsætisnefndar
R18120170	Tillaga Flokks fólksins, dags. 20. desember 2018, um vinnutíma þeirra sem starfa í miðborginni	Til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs: samgöngustjóra.
R17050190	Ítrekun mótmæla íbúa við Norðurbrún 2, dags. 10. desember 2018.	Til kynningar
R18120159	Bréf frá Forum Lögmenn, dags. 13. desember er varðar rafbílavæðingu.	Sent til meðferðar umhverfis og skipulagssviðs og borgarlögmanni til kynningar.



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Breyting á skipuriti skrifstofu skóla- og frístundasviðs

Upplýst er um að gerð hefur verið breyting á skipuriti skóla- og frístundasviðs með þeim hætti að þar er nú getið sérstaklega nýsköpunarmiðju menntamála. Farið var í þessar innri breytingar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs samhliða vinnu við mótun á nýrri menntastefnu Reykjavíkur. Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 var samþykkt í borgarstjórn 29. nóvember sl. Með stefnunni voru samþykktar almennar aðgerðir 2019-2021. Ein aðgerðanna er að „Setja á fót Nýsköpunarmiðju menntamála sem veiti starfsstöðvum stuðning og ráðgjöf við innleiðingu menntastefnunnar og útfærslu á einstökum áhersluþáttum hennar í víðtækri samvinnu við stofnanir innan sem utan borgarinnar. Áherslur verður lögð á starfsþróun og kennslufræðilega ráðgjöf.“



Hlutverk nýsköpunarmiðju er að; vinna að nýsköpun í skóla- og frístundastarfi á grunni menntastefnu borgarinnar, aðalnámskráa, barnasáttmála og undirliggjandi stefnum; auka fagþjónustu við skóla- og frístundastarf; stuðla að aukinni samhæfingu sameiginlegra verkefna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi.

Nýsköpunarmiðjan sameinar í eitt teymi krafta þeirra sem starfa við ráðgjöf og stuðning þvert á starfsstöðvar skóla- og frístundasviðs en hafa tilheyrt leikskólahluta, grunnskólahluta, eða frístundahluta fagskrifstofu sviðsins. Teymið samanstendur af sérfræðingum á sviði upplýsingatækni, jafnréttis- og mannréttindamála, barnasáttmálans, barnamenningar, listfræðslu og skólasafna.


Nýsköpunarmiðjan vinnur náið með fagskrifstofu sviðsins, miðju máls og læsis, mannauðsskrifstofu vegna styrkja og erlends samstarfs, háskólasamfélaginu og öðrum stofnunum á sviði menntunar og menningar í skólastarfi.

Nýsköpunarmiðja menntamála mun í byrjun leggja á það megináherslu að styðja starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva við innleiðingu menntastefnu borgarinnar með áherslu á lykilmætti hennar: Félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði.

Fríða Bjarney Jónsdóttir hefur verið ráðin deildarstjóri nýsköpunarmiðju. Næsti yfirmaður deildarstjórans er sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Samhliða þeirri innri breytingu á skrifstofu sviðsins að setja á stofn nýsköpunarmiðju menntamála er uppsetningu skipurits lítilla breytt. Miðja máls og læsis heyrði áður undir grunnskólahluta fagskrifstofu en er nú sér eining eins og listfræðsla og nýsköpunarmiðja og er sviðsstjóri næsti yfirmaður deildarstjóra miðju máls og læsis. Miðja máls og læsis og listfræðsla hafa einnig ríkt hlutverk í stuðningi við innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi. Auk þess eru Námsflokkar Reykjavíkur nú utan fagskrifstofu þar sem rekstur þeirra er óháður rekstri fagskrifstofu.

Virðingarfyllst





Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavíkurborg
Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Reykjavík 20.11.2018

Til þess er það varðar

Skjalastjórn og skjalavarsla hjá Reykjavíkurborg 2017 – Eftirlitskönnun Borgarskjalasafns Reykjavíkur

Um mitt ár 2017 gerði Borgarskjalasafn Reykjavíkur viðamikla könnun um ástand skjalastjórnar og skjalavörslu hjá Reykjavíkurborg. Könnunin er hluti af eftirliti Borgarskjalasafns með skjalavörslu afhendingarskyldra aðila. Niðurstöður hennar hafa verið gefnar út í sérstakri skýrslu **Skjalastjórn og skjalavarsla hjá Reykjavíkurborg 2017 – Eftirlitskönnun Borgarskjalasafns Reykjavíkur**. Þá hafa niðurstöður einstakra sviða verið kynntar fyrir viðkomandi sviðum og fyrir yfirstjórn borgarinnar.

Ein af lagaskyldum Borgarskjalasafns Reykjavíkur skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 er að sinna eftirliti með skjalavörslu og skjalastjórn hjá Reykjavíkurborg. Einnig ber því að tryggja að farið sé eftir reglum Þjóðskjalasafns Íslands, handbók um skjalavörslu sveitarfélaga sem og skjalastefnu Reykjavíkurborgar 2015-2020 sem samþykkt var í borgarráði 10. september 2015. Ný persónuverndarlöggjöf gerir að auki ríkari kröfur um aga og að settum reglum sé fylgt í skjalastjórn og skjalavörslu. Skjalavarsla opinberra aðila er lögbundin og er þeim skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg. Lög og reglur um skjalavörslu eru því hluti af vinnuumhverfi opinberra aðila og þeim ber að fylgja.

Reglulegar kannanir á ástandi skjalavörslu og skjalastjórn hjá Reykjavíkurborg eru mikilvægar til þess að fá yfirsýn yfir stöðu mála hjá borginni í heild sinni. Slíkar kannanir eru hluti af eftirliti Borgarskjalasafnsins. Sú eftirlitskönnun sem gerð er grein fyrir í meðfylgjandi skýrslu fór fram á vegum Borgarskjalasafns Reykjavíkur sumarið 2017. Könnunin var send til 203 afhendingarskyldra aðila hjá Reykjavíkurborg og svöruðu 174 þeirra, eða 85,71%. Meginmarkmið könnunarinnar var að meta stöðu og skipulag skjalastjórnar og skjalavörslu hjá sviðum, starfseiningum, byggðasamlögum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar m.t.t. gildandi laga, reglugerða og reglna.

Niðurstöður skýrslunnar verða nú notaðar til að skipuleggja og efla skjalastjórn og skjalavörslu hjá Reykjavíkurborg.

Yfirþingarfyllst,

Svanhildur Bogadóttir

borgarskjalavörður

Tryggvagotu 15
101 Reykjavík
sími 411 6060
fax 411 6070
borgarskjalasafn@reykjavik.is
www.borgarskjalasafn.is

Reykjavík 3. janúar 2019

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar
Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu við Tjörnina
101 Reykjavík

Efni: Hugmynd um stækkun Hlemms Mathallar

Hlemmur Mathöll hefur nú verið starfrækt á annað ár og undirtektir hafa verið mjög góðar. Segja má að tekist hafi að lyfta upp öllu Hlemmsvæðinu og auðga það lífi. Við erum afar ánægð með það tækifæri sem okkur gafst til að taka forystu um uppbyggingu á Hlemmi.

Við höfum velt fyrir okkur hvernig megi útfæra útsvæðið við Hlemm þannig að það geti orðið betur nýtilegt fyrir gesti okkar. Við höfum aðallega horft til svæðisins austur af Hlemmi, þ.e. við Rauðarárstíg.

Við höfum áhuga á því að byggja létta 120-200 fermetra glerskála við hlið Hlemms Mathallar sem verði tengd húsinu á einhvern hátt en hafi ekki í för með sér neins konar rask á aðalbyggingunni. Í þessum skála yrðu borð fyrir gesti auk mögulegra uppákoma og vörumarkaða eins og verða vill. Við höfum rætt við Helgu Gunnarsdóttur arkitekt hjá Teiknistofu Gunnars Hanssonar um þessar hugmyndir og höfum áhuga, verði af þessu, að vinna þetta verkefni í samráði við hana.

Við óskum eftir viðræðum við Reykjavíkurborg um lán á lóð undir þennan skála. Hugmynd okkar er sú að Hlemmur Mathöll ehf sjái alfarið um þessa framkvæmd og þann kostnað sem af henni hlýst en óskum um leið eftir því að eiga gott samstarf við Reykjavíkurborg um lóð fyrir þennan skála, leyfi fyrir stækkuninni og útlit þessa skála.

Kær kveðja



Guðrún Berta Daníelsdóttir
stjórnarformaður Hlemms Mathallar ehf.

Reykjavík 20. desember 2018

Borgarráð

Tillaga Miðflokksins um að Borgarráð kalli eftir að forsætisnefnd boði til aukafundar

Miðflokkurinn gerir tillögu um að Borgarráð biðji forsætisnefnd að boða til aukafundar vegna ávirðinga forseta borgarstjórnar Dóru Bjartar Guðjónsdóttur í garð varaborgarfulltrúa Miðflokksins Baldurs Borgþórssonar

Greinargerð

Þann 19. desember birtir forseti borgarstjórnar Dóra Björt Guðjónsdóttir opinberlega eftirfarandi ummæli:

„Það sem er magnað er að svo birtist frétt unnin úr Facebook-statusi varaborgarfulltrúans Baldurs Borgþórssonar um að meirihlutinn vilji ekki launagagnsæi undir yfirskriftinni “Borgarmeirihlutinn vill ekki birta laun sín”. Uppi stendur hann sem einhver kyndilberi gagnsæis, maðurinn sem reyndi að stela okkar máli - samhliða þeim hreinu rangindum að við hefðum felld tillögu um gagnsæi launa, við sem ákváðum sjálf að birta yfirlit yfir öll laun fleiri mánuðum áður en þessi tillaga kom fram! Það gerðum við alveg án stórra yfirlýsinga og stóryrða og án aðkomu Baldurs Borgþórssonar.“

Þegar athygli mín er vakin á þessu hefur ofangreindri yfirlýsingu þegar verið deilt af fjölda einstaklinga, þar með talið á síðu mína.

Þessum ávirðingum svara ég á vettvangi og fer fram á að þær séu dregnar til baka með sómasamlegum hætti.

Síðla sama dag breytir Dóra Björt yfirlýsingu sinni svohljóðandi:

„Það sem er magnað er að svo birtist frétt unnin úr Facebook-statusi varaborgarfulltrúans Baldurs Borgþórssonar um að meirihlutinn vilji ekki launagagnsæi undir yfirskriftinni “Borgarmeirihlutinn vill ekki birta laun sín”. Uppi stendur hann sem einhver kyndilberi gagnsæis, maðurinn sem var að reyna að eigna sér okkar mál sem var þegar í framkvæmd - samhliða þeim hreinu rangindum að við hefðum felld tillögu um gagnsæi launa, við sem ákváðum sjálf að birta yfirlit yfir öll laun fleiri mánuðum áður en þessi tillaga kom fram! Það gerðum við alveg án stórra yfirlýsinga og stóryrða og án aðkomu Baldurs Borgþórssonar.“

Samhliða svara Dóra Björt beiðni minni um að draga ummælin til baka með sómasamlegum hætti svohljóðandi:

„Baldur Ég sagði aldrei að þú hefðir stolið málið, heldur sagði ég að “það gerðist reglulega að minnihlutinn leggi fram tillögur um hluti sem við erum þegar að gera til að reyna að eigna sér málin og því kom þetta mér ekkert sérstaklega á óvart” - ekki að þú værir að gera þetta, heldur að þetta gerðist reglulega.“

Allt er þetta birt opinberlega.

Skjáskot af öllu ofangreindu liggja fyrir.

Jafnframt vill undirritaður minna á þær umræður sem undirritaður hóf máls á í lok fundar borgarráðs þann 2. nóvember síðastliðinn, þar sem undirritaður lagði til að gott fordæmi

Alþingis gagnvart heildarlaunum og kostnaðargreiðslum alþingismanna yrði tekið upp með sambærilegum hætti hjá Reykjavíkurborg gagnvart borgarfulltrúum.

Þeirri tillögu og umleitunum undirritaðs var svarað svo :

„Að þess væri engin þörf þar sem hver sem vildi gæti reiknað þetta út eftir leiðbeiningum á heimasíðu Reykjavíkurborgar og að svo hafi verið um árábil.“

Undirritaður áréttaði þá að sú leið sem þarna væri bent á væri ekki betri en svo að undirritaður gæti ekki einu sinni reiknað út sín eigin heildarlaun og kostnaðargreiðslur.

Í kjölfarið urðu fjörlegar umræður sem enduðu með því að undirritaður setti fram áform sín um að leggja fram tillögu um málið á komandi vikum, enda undirritaður birt sinn eigin launaseðil opinberlega þann 31.okt, eða 2 dögum fyrr.

Engar athugasemdir voru gerðar við þetta.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða er ljóst að allar ávirðingar Dóru Bjartar Guðjónsdóttur í garð undirritaðs eru ósannar, hvort heldur sem lítið er til upphaflegrar yfirlýsingar eða þeirrar síðar breyttu.

Að lokum vill undirritaður benda á að undirritaður tilkynnti í fjölmiðlum þann.15.nóvember síðastliðinn að hann hyggðist leggja fyrir borgarstjórn nákvæmlega þá tillögu sem undirritaður síðan lagði fram á fundi borgarstjórnar þann. 18.desember síðastliðinn.

Í millitíðinni hafði Vigdís Hauksdóttir lagt málið fram á fundi forsætisnefndar þann 14. desember síðastliðinn. Inn á sama fund forsætisnefndar barst minnisblað frá skrifstofu borgarstjórnar sem var sett aftast í dagskrá. Á öllum þessum tíma eru aldrei gerðar athugasemdir um að undirritaður sé að reyna að stela verkum annarra, enda hvergi nein gögn lík tillögu undirritaðs að finna.

Undirritaður vill ekki una því að að sitja undir ávirðingum af þessu tagi og fer því fram á að forseti borgarstjórnar Dóra Björt Guðjónsdóttir dragi þær með öllu til baka með formlegri yfirlýsingu sem birt verði á sama vettvangi og þær voru settar fram og samhliða send fjölmiðlum, enda dreifing upphaflegrar yfirlýsingar komin svo víða að ekki dugir minna til. Þar með mun málinu vera lokið af hálfu undirritaðs, enda sáttafús að eðlisfari.

Undirritaður fer fram á að þegar verði boðað til aukafundar hjá forsætisnefnd vegna málsins. Eðli málsins samkvæmt fer undirritaður fram á að forseti borgarstjórnar Dóra Björt Guðjónsdóttir sem jafnframt er formaður forsætisnefndar víki sæti við umfjöllun nefndarinnar um málið.

Baldur Borgþórsson

Varaborgarfulltrúi Miðflokksins

***Borgarráð 20.12.'18: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vinnutíma -
R18120170***

Lagt er til að borgarmeirihlutinn beiti sér fyrir að vinnutími þeirra sem starfa í miðborginni verði breytilegur og þá er átt við enn breytilegri en nú er í þeim tilgangi að léttu á umferðarteppu í og úr miðbænum á ákveðnum tíma árdegis og síðdegis

10. desember 2018

Meðfylgjandi bréf til borgarfulltrúa Reykjavíkurborgar, afhent í Ráðhúsi Reykjavíkurborgar: Viðvíkjandi Norðurbrún 2, bréfið skýrir sig.

Málsnr. R17050190
Skjalasafn Ráðhúss
18. des. 2018
Bréfalykill: 6631

Borgarstjórinn í Reykjavík,	Dagur B. Eggertsson
Borgarfulltrúi	Eyþór Laxdal Arnalds
Borgarfulltrúi	Heiða Björg Hilmisdóttir
Borgarfulltrúi	Líf Magneudóttir
Borgarfulltrúi	Pórdís Lóa Þórhallsdóttir
Borgarfulltrúi	Hildur Björnsdóttir
Borgarfulltrúi	Dóra Björt Guðjónsdóttir
Borgarfulltrúi	Kolbrún Baldursdóttir
Borgarfulltrúi	Vigdís Hauksdóttir
Borgarfulltrúi	Marta Guðjónsdóttir
Borgarfulltrúi	Sanna Magdalena Mörtudóttir
Borgarfulltrúi	Pawel Bartoszek
Borgarfulltrúi	Guðrún Ögmundsdóttir
Borgarfulltrúi	Valgerður Sigurðardóttir
Borgarfulltrúi	Björn Gíslason
Borgarfulltrúi	Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Borgarfulltrúi	Egill Þór Jónsson
Borgarfulltrúi	Katrín Atladóttir

Undirrituðum hefur verið falið af húseigendum við Norðurbrún, en ég er einn þeirra, að senda ofanefndum borgarfulltrúum nefnt bréf.

Virðingarfyllst,

Hjálmar Styrkársson

Hjálmar Styrkársson

MÓTTEKIÐ

10. des. 2018

Reykjavíkurborg
Þjónustuver Borgartúni 12-14

8. desember 2018

Reykjavíkurborg,

Umhverfis- og skipulagssvið og borgarráð Reykjavíkur.

Vísun til auglýsingar í Fréttablaðinu þann 1. október, breyting á deiliskipulagi fyrir lóð Norðurbrún 2 sögð samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 5. september 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 13. september 2018 Ábendingum og athugasemdum skal skila eigi síðar en 12. november 2018

Og samkvæmt auglýsingu í Fréttablaðinu 5. november er framlengdur skilafrestur athugasemda og ábendinga til 12. desember 2018

„Breytingin (sögð) felast í því að rífa núverandi verzlunarhús og byggja nýtt íbúðarhús með verzlun að hluta til á fyrstu hæð. Önnur hæðin verður inndregin frá suðvestri. Húsin verða því tvær hæðir og kjallari með verzlun og þjónustu á götuhæð og íbúðum á 1. og 2. hæð“

Samkvæmt teikningum THG arkitekta dags. 04.06.2018 er reiknað með 8 íbúðum 445,1 m², verzlunarhúsnæði 84,8 m² „opið svalarými / stigagangur 104,3m², kjallari 333,3m², samtals byggingamagn því rúmlega tvöfaldað.

„Við sem erum eigendur og eða leigutakar (parhúsanna) íbúðahúsanna við Norðurbrún 4,6,8,10 og 12,14,16,18,20,22, leyfum okkur að mótmæla slíkum hugmyndum að byggingu á lóð nr. 2 sem fráleitum, enda ekki í neinu samræmi við skipulag það sem fyrir er og mun ef af verður, skerða lífsgæði íbúanna sem búa í þessu hverfi“ Þetta sögðum við í kærubréfi okkar dags. þann 20. júlí 2017 til Umhverfis- og skipulagssviðs. Eftir vel rökstudda kæru okkar var tillagan dregin til baka. Nú er hún afturgengin.

Við ítrekum mótmæli okkar harðlega

Þessar tillögur THG arkitekta eru að mestum hluta þær sömu og í tillögum frá árinu 2017, lítið breytt byggingamagn. Það jákvæða er að nú skal rífa hús það sem fyrir er og byggja nýtt, en við bentum á það í kærubréfi okkar 20. júlí 2017, Hús þetta verði örlítið lægra en fyrirhugað var þá, en þó verulega hærra en núverandi hús á lóðinni um það bil 2 metrum hærra en íbúðarhúsin sem fyrir eru í götunni.

Lóðin Norðurbrún 2, er hluti af heildarskipulagi svæðisins „Norðurbrún“, sem samþykkt var af samvinnunefnd um skipulagsmál 19.11.1963 og borgarráði þann 03.12.1964 sjá meðfylgjandi ljósrit, skilmálar fyrir parhúsum.

Í tillögu þessari að breytingu deiliskipulags og fyrirliggjandi teikningum THG arkitekta felst að reisa skuli **fjölbýlishús á lóðinni með 8 íbúðum auk verzlunarhúsnæðis**. Það er ekki tilgreint hvers konar verzlun. Það virðist enginn hafa saknað þess að verzlun var hætt í þessu húsi. Þá skuli stækka lóðina fyrir aukin bílastæði, en það verður ekki gert nema með því að þrengja innkeyrsluna í íbúðahverfið og aðkomu að dvalarheimilinu Norðurbrún 1, en þar hefur verið viðvarandi bílastæða skortur. Þá er bent á að allir íbúar við Norðurbrún 1, eru komnir á aldur og mega illa við þrengingu götu. Við mótmælum slíkri þrengingu sem óhæfri.

Við vekjum athygli á að á teikningu er sýnt að bifreiðar á stæði snúi öfugt við það sem nú er, teljum ekki skynsamlegt að leggja bílum á móti umferð inn í íbúðahverfið. Fjöldi bílastæða fyrir 8 íbúðir er að lámarki eitt til eitt og hálf bílastæði á íbúð. Þá skal bent á að samkvæmt byggingareglugerð „Breyting nr. 4“ og er á vef Mannvirkjastofnunar er tekið fram: *Að a.m.k. 1 stæði fyrir hreyfihamlaða og sé lámarksstærð stæðis 3,8 x 5m., með tryggu aðgengi að gönguleiðum.* Við ítrekum að ekki verður séð á uppdrætti arkitekta að það ákvæði sé uppfyllt nú, frekar en á árinu 2017

Núverandi lóðarstærð fyrir Norðurbrún 2 er 775 m² með byggingamagni 461 m². Hugmynd sem nú er sett fram að lóðin verði stækkuð í 875 m² og byggingamagn 967,5 m², samkvæmt fyrirbyggjandi teikningum. **Hvernig geta réttahafar lóðar fengið leyfi til að stækka núverandi lóð á kostnað þrengri innkeyrslu í íbúðahverfið ?** Hafa skipulagsyfirvöld leitt hugann að þeim gjörningi, sem slíkt fordæmi gefur, að þrengja götu og bæta við lóð ? Lóðin stækkuð um 100 m², byggingamagn aukið um 506,5 m² eða rúmlega tvöfaldað frá því sem fyrir er. Nýtingarhlutfall fer í 1,10 en nýtingarhlutfall á íbúðarhúslóðunum, sem fyrir eru er um 0,3 Við vísum til kærubréfs okkar frá 20. júlí 2017 „að byggja 2ja hæða íbúðarhús á lóðinni innan gildandi skipulags, sem sé í svipaðri hæð og hús þau sem fyrir eru við götuna“, en ekki allt að tveimur metrum hærra. Verði nefndri lóð við Norðurbrún 2, sem nú er á verzlunarhús, breytt í íbúðarhúsalóð, hljóta skilmálar þeir sem giltu í upphafi fyrir íbúðahúsabyggðina að gilda fyrir þessa lóð eins og þær sem fyrir eru .

Þar segir í 1. lið „ Lóðin skal vera óskipt, og er henni úthlutað til þess að reisa á henni eitt parhús, tvær íbúðir. Óheimilt er að hafa íbúðirnar fleiri“ Það verði ekki atvinnuhúsnæði í byggingunni miðað við að lóðin verði íbúðarhúsalóð.. Þannig að hæð hússins verði í sem næst svipaðri hæð og húsin sem fyrir eru í götunni. Skuggavarp mun verða minna sem fellur á lóðir nr. 4,12,14.

Við eigendur nærliggjandi íbúðarhúsa, getum ekki fallist á eða samþykkt hækkun hússins upp fyrir hæðarlínu annarra íbúðarhúsa við Norðurbrún. Íbúðarhúsin í efstu götu, það er nr. 4,6,8,10 eru tveggja hæða parhús, sum ekki með fulla hæð á neðri hæð, þar sem ekki var leyfð hærri hæð þegar húsin voru byggð. Sé horft yfir húsin frá Austurbrún, eru þau öll í álíka hæð Skuggavarp mun verða meira eftir því sem hæð fjölbýlishúss, sem fyrirhugað er, er hærra.

Sjá eftirfarandi lóðarstærð, byggingamagn á lóð og íbúðaffjölda:

Norðurbrún 2	Lóðarstærð	775,0m ²	Byggingamagn	461,02	verzlunarh	0,60
Norðurbrún 4	Lóðarstærð	917,0m ²	Byggingamagn	227,6m ²	2 íbúðir	0,25
Norðurbrún 6	Lóðarstærð	917,0m ²	Byggingamagn	257,9m ²	2 íbúðir	0,28
Norðurbrún 8	Lóðarstærð	832,0m ²	Byggingamagn	251,5m ²	1 íbúð	0,30
Norðurbrún 10	Lóðarstærð	832,0m ²	Byggingamagn	243,4m ²	1 íbúð	0,29

Norðurbrún 2 Nýting lóðar samkvæmt tillögu THG arkitekta 967,5 : 875 er 1,10

Hér er því ljóst að um stórfellda aukningu á byggingamagni er að ræða og alveg úr takti við þá skilmála, sem öllum byggingum á þessum reit var gert að framfylgja

Við höfum ekki verið upplýst um hver sé eigandi eða umráðaaðili nefndrar lóðar við Norðurbrún 2, eða hver sæki um þennan byggingarétt og í nafni hvers. Það er ljóst að ætlunin er að byggja skuli sem flestar íbúðir. Íbúar og nágðannar eru þeir sem þurfa að lifa við þennan gjörning um ókomna tíð, en ekki sá sem tekur út væntanlegan gróða af sölu þessa byggingamagns.

Við leyfum okkur að vænta þess að tekið verði fyllsta tillit til athugasemda okkar og slíkt fjölbýlishús verði ekki leyft að byggja á þessari lóð, enda í engu samræmi við íbúðabyggðina, sem fyrir er. Við teljum það ekki réttlætanlegt af skipulagsyfírvöldum að samþykkja að ráðist sé að hagsmunum íbúa þeirra sem fyrir eru í hverfinu, með þessum hætti.

Við viljum ekki trúa því að óreyndu, að borgarráð Reykjavíkur muni í þessu máli, ganga erinda byggingaraðila á kostnað almanna hagsmuna, það er okkar allra, sem eigum húsnæði í þessu hverfi.

Undirskriftir:

Norðurbrún 4

Halldór Nguen kt. 170554-7609

María Ha Ngo, 040554-2139

Halldór Nguen, kt. 170554-7609

Elisabet Hoai Le 1611832029

Norðurbrún 8

Stefán Jónsson

Stefán Jónsson kt. 310748-3829

Norðurbrún 6

Óskar Gunnarsson kt. 191068-5569

ÓSKAR GUNNARSSON

Ingibjörg Reynisdóttir kt. 041270-3149

Ingibjörg Reynisdóttir

Sólveig Erna Hólmarsdóttir kt. 210262-4079

Sólveig Hólmarsdóttir

Norðurbrún 10

Hjálmar Styrkársson

Hjálmar Styrkársson kt. 230530-2899

Michael Fitzgerald kt. 280848-2989

Sheila K. Fitzgerald kt. 290955-2049


Norðurbrún 12

Bjarni Pálmason kt. 120184-3429

Steinunn Erla Thorlasius kt. 111284-3269

Bjarni Pálmason
STEINUNN ERLA THORLACIUS
Norðurbrún 20

Kjartan Mogensen kt. 141246-3809



Halldóra Ólafsdóttir kt. 191048-4749



Norðurbrún 18
Marius Sveinsson
300848-3709

Norðurbrún 14

Davíð Björn Ólafsson kt. 300673-5979

Stefanía G. Þorgeirsdóttir kt. 020174-5609


Stefanía G. Þorgeirsd.
Norðurbrún 22

Haukur Gunnarsson kt. 110249-2099

Haukur Gunnarsson

Una J. N. Svane kt. 261252-5389

Una J. N. Svane kt. 261252-5389

Norðurbrún 16
EU HELLA JOSEPSDÓTTIR
260375-5639
OSKAR GUNNARSSON

1. Lóðin skal vera feldrjúf, og er henni deilist að tili þess að reisa á henni allt parka, tveir foddir. Óskillegt er að hafa foddstær 210x71.

2. Flatarenki hvers hálsholnings má vera allt að 190 m² og rúmda 200 m³, bifreiðagöngurinn meðalín. Áður en form háranna, þar með talið þekform, er ákveðið fyrir hvert parka, er skilast tili að hafi að samræði við skipulagsstjóra vegna samræmingu þess við nanta lán.

3. Hús á þaki má vera allt að 0.8 m og öll hús hláðing frá gólfplötu allt að 6.3 m.

4. Bifreiðastæði þess, sem sýnt er á upplýsingum, má flytja tili öflar stafræðingunni bifreiðagöngurinn, en ekki má girða það frá götu.

5. Á lóðinni skal gera lóðstæði fyrir bíl, s.m.k. 15 m² fyrir hvers fodd.

6. Gera skal höllarupplýsingar af nannvirðingum á lóðinni.

Hús á gólfplötu hvers lán verður ákveðið á hofurhlöðum gatna- og hölmanna- deilidar borgarverkskráningu.

Samþykkt af samráðsnefnd um skipulagamat 18.11.63
borgarstjórnir 5.12.64
A. F.



Hjálmar Styrkársson
Safamýri 79
108 Reykjavík

Reykjavík 8. nóvember 2018

Erindi: Norðurbrún 2

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 19. október 2018 var samþykkt að endurauglýsa erindi varðandi breytingu á deiliskipulagi að Norðurbrún 2, framlengja athugasemdarfresti til 12. desember 2018 og birta sérstaklega leiðrétt skuggavarp. Í breytingu að Norðurbrún 2 felst að rífa núverandi verslunarhús og byggja nýtt íbúðarhús með verslun að hluta til á 1., 2. hæðin verður inndreginn frá suðvestri. Húsin verða því tvær hæðir og kjallari með verslun - og þjónustu á götuhæð og íbúðum á 1. og 2. hæð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Hagsmunaaðilar og nágrannar eru hér með upplýstir um að auglýsing hefur verið birt í Fréttablaðinu og Lögbirtingablaðinu þann 5. nóvember 2018 og eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar.

Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar er skilað skriflega til skrifstofu skipulagsfulltrúa að Borgartúni 12-14 eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 12. desember 2018. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Tillögurnar eru aðgengilegar á vefsíðunni, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu.

f.h. skipulagsfulltrúa
Lilja Grétarsdóttir, verkefnisstjóri



Reykjavík, 13. desember 2018

Efni: Rafbílavæðing – uppsetning hleðslustöðva á höfuðborgarsvæðinu

Til mín hefur leitað fyrirtækið Ísorka ehf., en um er að ræða fyrirtæki í eigu Íslenska gámafélagsins ehf. sem sérhæfir sig í hleðslu rafbíla og þróun tækni á því sviði.

Þann 30. júní 2016 var samþykkt svokölluð Loftslagsstefna af hálfu Reykjavíkurborgar en þar voru kynntar aðgerðir fram til ársins 2020 um það hvernig stutt verði við orkuskipti í samgöngum og hvernig stuðlað verði að aukinni hlutdeild rafvæddra samgangna í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur. Var þar m.a. tekið fram að standa ætti að uppsetningu hleðslustöðva í bílastæðahúsum borgarinnar, við tiltekna byggingar í borginni og í hverfum borgarinnar. Þess ber að geta að í september 2017 fór fram útboð á vegum Reykjavíkurborgar þar sem innkaupadeild borgarinnar óskaði eftir tilboðum í verkið: „Hleðslustöðvar fyrir rafbíla í miðborginni“. Verkið fólst í að útvega og setja upp hleðslustöðvar fyrir bílastæðahús í miðborginni og við tiltekna götur á því svæði. Var um að ræða samtals 58 hleðsluúttök í miðborginni, en innifalið í verkinu var útvegum búnaðarins, uppsetning og tenging við rafmagnsheimtaug og fjarskiptakerfi. Var um að ræða opið útboð, sbr. grein 1.2.2. í staðlinum ÍST 30. Umbj. minn tók þátt í útboðinu og hlaut þar fullt hús stiga og lagði fram lægsta tilboð. Var við hann samið í kjölfarið.

Nú liggur fyrir að í apríl 2018 samþykkti Borgarráð tillögu borgarstjóra um að koma í gang svokölluðum tilrauna- og þróunarverkefnum sem felast í uppsetningu hleðslustæða fyrir landlausa rafbílaeigendur, rafhleðslur á nýjum byggingarsvæðum, álagsstýringar á rafbílahleðslum með áherslu á fjölbýlishús og hleðslu úr ljósastaurum. Verkefnin eiga það öll sameiginlegt að gert er ráð fyrir að Orka náttúrunnar ehf. (dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur) leggi til hleðslustaura og sjái um uppsetningu og rekstur þeirra og leggi til viðskiptalegar og tæknilegar lausnir á hleðslum. Þrátt fyrir að umrædd verkefni séu þannig töluvert umfangsmeiri heldur en uppsetning hleðslustöðva í miðborginni sem boðin var út ári áður, var ekki efnt til útboðs heldur tekin einhliða ákvörðun af hálfu borgarráðs Reykjavíkurborgar um að fela dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur verkefnið.

Tvímælalaust er að starfsemi Orku náttúrunnar ohf. fellur undir gildissvið samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 2. og 3. gr. laganna, enda um að ræða fyrirtæki í samkeppnisrekstri og getur Samkeppniseftirlitið því gripið til aðgerða gegn athöfnum slíks opinbers aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Umbj. minn telur svo vera í þessu tilviki, þ.e. að sú ákvörðun borgarráðs að fela ON áður nefnt verkefni (sem er töluvert að umfangi) án þess að efna til almenns útboðs, feli í sér athöfn sem sé skaðleg samkeppni á markaði fyrir hleðslustöðvar rafbíla og brjóti hvorutveggja gegn ákvæðum samkeppnislaga sem og ákvæðum laga um opinber innkaup. Að mati umbj. míns eru aðstæður í engu breyttar hvað varðar þetta verkefni og verkefnið um uppsetningu hleðslustöðva í miðborginni sem boðið var út árið 2017. Engu breyti þótt vísað sé til þess af hálfu borgarinnar að um sé að ræða tilrauna- og þróunarverkefni.

Byggt er á því af hálfu umbj. míns að borgin hafi farið á svig við ákvæði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup, enda sé ljóst að umræddur samningur við ON falli undir ákvæði laganna, sbr. 4.-5. gr. þeirra.


Samkvæmt 15. gr. laganna skal gæta jafnræðis, meðalhófs og gagnsæis við opinber innkaup og er óheimilt að takmarka samkeppni með óeðlilegum hætti. Umbj. minn telur ljóst að umræddur samningur hafi verið yfir viðmiðunarfjárhæðum samkvæmt 23. gr. laganna, en hvað sem öðru líður beri Reykjavíkurborg að gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra fyrirtækja með samkeppnissjónarmið og jafnræði að leiðarljósi, sbr. 24. gr. laganna. Með hliðsjón af þessu er á því byggt að fyrir hendi hafi verið útboðsskylda, sbr. 33. gr. laganna og að á grundvelli hennar hafi Reykjavíkurborg borið að efna til almenns útboðs um uppsetningu hleðslustæða fyrir landlausa rafbílaeigendur, rafhleðslur á nýjum byggingarsvæðum, álagsstýringar á rafbílahleðslum með áherslu á fjölbýlishús og hleðslu úr ljósastaurum, líkt og gert hafði verið árið áður varðandi uppsetningu hleðslustöðva í miðborg Reykjavíkur.

Áskilur umbj. minn sér rétt til að láta reyna á lögmati ákvörðunar Reykjavíkurborgar að þessu leyti fyrir dómstólum.

Loks er skorað á borgarráð Reykjavíkurborgar að senda undirrituðum öll gögn sem málinu tengjast, þ.á.m. samninga sem gerðir hafa verið við ON vegna framangreindra verkefna og gögn sem liggja þeim samningum til grundvallar.

Virðingarfyllst,

f.h. Þorsteins Einarssonar hrl.


Guðbjörg Benjamínsdóttir, lögmaður.